

59. fundur

Fræðslunefnd hélt fund miðvikudaginn 8. september 2004 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mættir voru Björn Sverrisson, Katrín Pálsdóttir, Katrín Gísladóttir, Linda S. Sigurðardóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, úr fræðslunefnd, Unnur Breiðfjörð, Kristín Sigurðardóttir, fulltrúar foreldra og starfsfólks, Magnús Vésteinnsson, fulltrúi Helgafellssveitar, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri, Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri og Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

a) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

1. Trúnaðarmál.

2. Skólastarfið:

a) Kennslutímar – innra skipulag – dagatalið 2004-2005.

Gunnar greindi frá kennslutímafjölda og fór yfir innra skipulag. 5 stuðningsfulltrúar starfa við skólann í 4,5 stöðugildum. Skóladagatalið er klárt og búið er að kjósa og skipa í nefndir og ráð innan skólans. Árgangastjórar hafa verið ráðnir og þau eru Sigurborg Sturludóttir, Lárus Á. Hannesson og Sólrún Júlíusdóttir. Fagstjórar eru Auður Rafnsdóttir, Ágústína Guðmundsdóttir, Ingunn Jakobsdóttir, Einar Gunnarsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Lára Guðmundsdóttir og Unnur Breiðfjörð. Gengið var frá ráðningu íþróttakennara í sumar og var Pálmi Freyr Sigurgeirsson ráðinn í stað Andrésar M. Heiðarssonar sem sagði starfi sínu lausu og er einni stöðu íþróttakennara nú skipt upp á milli Pálma, Láru og Ágústínu.

b) Skólanámsskrá GSS (www.stykk.is). Vinnu við skólanámsskrá er að ljúka og verður hún sett inn á stykk.is þegar vinnu við hana er lokið. Bekkjarnámsskrár með grunnupplýsingum er einnig verið að ljúka við. Foreldraráði var í gær afhentar skólareglur til umsagnar og fara þær að lokinni skoðun inn í skólanámsskrá. Skólanámsskráin verður ekki gefin út á pappír en hægt verður að nálgast hana á netinu. Bekkjarskrárnar verða hins vegar gefnar út til bekkjanna.

c) Nýtt merki skólans hefur verið samþykkt og dreifði Gunnar útliti merkisins til fundarmanna. Höfundur merkisins er Gylfi Rögnvaldsson, fyrrverandi nemandi grunnskólans.

d) Mötuneytismál

Fimmti bekkur er nú í skólanum við Skólastíg og fá þau hádegissnarl þar. Mötuneyti fyrir 6. bekk og upp úr fer af stað eftir áramót. Unnið er að undirbúningi málsins og verður það kynnt nánar eftir því sem fram líður. Mötuneytið verður staðsett í Helgafellssveitarálmunni.

3. Önnur mál:

a) Nemendaráð-íþróttaráð

Búið er að kjósa í nemendaráð og íþróttaráð innan skólans, þar sem 7. bekkur og upp úr eiga sinn fulltrúa.

b) Þróunarverkefni leik – grunn – tónó

Skólastjórar skólanna þriggja ætla að fara yfir þessi mál á næstunni. Skólarnir fengu 300.000 til samstarfsverkefnis skólanna þriggja og áfram verður unnið að þessu verkefni.

- c) Gæslumál, skólavinir úr 10. bekk
Gæsla er í góðum farvegi í skólanum og nú er einnig komið af stað verkefni sem heitir Skólavinir. Regnbogabörn gáfu í fyrra úlpur merktar Skólavinir og er nú verið að keyra þetta verkefni af stað og skiptast nemendur 10. bekkjar á að vera skólavinir í frímínútum.
- d) Foreldrafundur, foreldrafélög, foreldrastarf.
Nú á fyrstu vikum skólaársins verða svo foreldrafundur skv. venju.

Skólastjóri svaraði framkomnum fyrirspurnum. Spurt var nánar um hugsanlegt fyrirkomulag mötuneytis.

- b) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.
Sigrún hóf mál sitt á að lýsa ánægju með vinnu við skólanámsskrá grunnskólans og einnig nýtt merki skólans.
Leikskólinn er komin með heimasíðu sem Ásta Valdís, leikskólakennari við leikskólann hefur verið að vinna. Á heimasíðunni má finna foreldrahandbók og fleira þar sem finna má gagnlegar upplýsingar um starfið í skólanum.
1. september voru 64 börn í leikskólanum í fjölbreyttum vistunartímum. Vetrarstarfið hófst formlega 1. september og er allt komið í fullan gang. Mikið af ungum börnum eru í aðlögun, elsta deildin er full en aðeins rýmra á hinum deildunum. Rúmlega 13 stöðugildi eru í leikskólanum m.v. næstu mánaðarmót, auglýst hefur verið eftir starfsmanni frá 1. október nk.
Magðalena Hinriksdóttir lýkur námi sem leikskólakennari um næstu áramót og útskrifast næsta vor. Bryndís Benediktsdóttir hætti störfum um síðustu mánaðarmót og Ásta Valdís Guðmundsdóttir fer í ársleyfi 1. október nk.
Haldið verður áfram að vinna að skólanámsskránni í vetur. Deildarnámsskrár eru að hluta til inni á heimasíðunni, slóðin er www.stykk.is/leikskoli
Skólastjóri hefur heyrt bæði frá sálfræðingi og talmeinafræðingi sem koma í leikskólann í vetur, í samráði við FSS.

Gunnar þakkaði Sigrúnu góð orð og óskaði leikskólanum til hamingju með heimasíðu leikskólans.

- 2. Önnur mál.
 - a) Unnur Breiðfjörð skilaði kveðju frá Kristborgu Haraldsdóttur. Formaður þakkaði kveðjuna og óskaði Kristborgu góðs bata.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.57.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.